



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2015.

Varðar: Umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 152. mál umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis - frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (hér eftir nefnt „slökkviliðið“) sem barst 1. febrúar 2015 þar sem óskað er eftir umsögn slökkviliðsins um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (heildarlög, strangari reglur.

I. Almennt um afstöðu slökkviliðsins til frumvarpsins.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fagnar því að til stendur að leggja fram umrætt frumvarp til meðferðar og samþykktar Alþingis. Löggjöfinni er ætlað að vera fyrirbyggjandi og draga úr hættu á gróðureldum og afleiðingum þeirra. Frumvarpið, verði það að lögum, er að mati slökkviliðsins til þess fallið að skerpa þá laga- og regluumgjörð sem um umræddan málaflokk gildir og veita þeim eftirlitsaðilum sem starfa undir lögunum skýrari og virkari heimildir til eftirlits og eftirfylgni með þeim ákvæðum sem þau hafa að geyma. Einnig er það til góðs að fest er frekar í sessi aðkoma liðsins að leyfisveitingum með kröfum um umsögn slökkviliðs áður en leyfi eru veitt. Á þann hátt er jafnframt tryggð tenging við almannavarnanefnd hvers sveitarfélags þar sem slökkviliðsstjóri situr í almannavarnanefnd. Það, ásamt því að sveitarstjórnir fá heimild til þess að afmarka svæði þar sem óheimilt er að brenna sinu vegna hættu sem af því getur stafað, m.a. fyrir umhverfið, gerir það að verkum að hægt er að afmarka viðkvæm svæði, s.s. skóglendi, vatnsverndarsvæði og orlofshúsabyggðir.

Að mati slökkviliðsins er um ágæt drög að frumvarpi að ræða sem hér hefur verið lagt fram til umsagnar. Það telur þó rétt að gætt sé að samræmis milli reglugerða og löggjafar sem málið varða varðandi skilgreiningar, hugtök og viðmiðanir. Slökkviliðið hefur athugasemdir og ábendingar varðandi lagatexta nokkurra ákvæða sem óskað er eftir að verði teknar til skoðunar. Lúta athugasemdir aðallega að samræmingu ákvæða laganna um aðkomu slökkviliðs. Þá fer slökkviliðið fram á að veitt verði skýr heimild fyrir slökkvilið til að taka gjald vegna skoðunar og umsýslu á grundvelli laganna.

II. Athugasemdir við einstaka greinar.

Um 6. gr.

Sjötta grein kveður á um að óheimilt sé að veita leyfi til sinubrennu á svæðum sem hafa verið afmörkuð í brunavarnaáætlun sem svæði þar sem ekki megi brenna sinu vegna þeirrar hættu sem af því getur stafað fyrir umhverfið, heilsu fólks, nálæg mannvirki eða starfsemi á svæðinu. Slökkviliðið telur mikilvægt að hér sé tilgreint bann við meðferð opins elds á svæðum sem þannig eru afmörkuð í brunavarnaáætlun. Þekkt eru mörg dæmi bæði héraðs og erlendis að óvarleg meðferð opins elds, ekki síst á þurrkatíma, hefur orsakað stórbruna í gróðri á stórum svæðum. Hér á landi eru mörg svæði sem eru sérstaklega viðkvæm og mikilvægt að vernda og ástæða til að banna þar meðferð opins elds, þ.m.t. útigrilla, með öllu.

Sömuleiðis áréttar slökkviliðið að slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun og leggur hana fyrir sveitarstjórn til samþykktar, skv. 5. mgr. 16. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000, sem og 1. mgr. 13. gr. sömu laga. Því þarf að breyta „Sveitarstjórn“ í „Slökkviliðsstjóra“ í 6. gr. Slökkviliðið leggur til að hljóðan 6. greinar verði eftirfarandi:

„Slökkviliðsstjóra er heimilt í brunavarnaáætlun, sbr. lög um brunavarnir, að afmarka svæði þar sem óheimilt er að brenna sinu og/eða hafa opinn eld vegna þeirrar hættu sem af því getur stafað fyrir umhverfið, heilsu fólks, nálæg mannvirki eða starfsemi á svæðinu. Óheimilt er að hafa opinn eld eða veita leyfi til sinubrennu á svæðum sem þannig hafa verið afmörkuð í brunavarnaáætlun.“

Um 4. gr., 5. gr., 7. gr.

Í 7. gr. er kveðið á um að í reglugerð skuli vera ákvæði um „heimild sýslumanns til að afturkalla leyfi og slökkviliðsstjóra til að stöðva leyfða sinubrennu, eða að kveikt sé í bálkesti, og banna meðferð opins elds sé það talið viðsjárvert vegna veðurs eða af öðrum mikilvægum ástæðum.“

Í fjórðu og fimmtu grein er tilgreint að sýslumanni sé heimilt að afturkalla veitt leyfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. 7. gr.

Slökkviliðið telur rétt að í fjórðu og fimmtu grein sé að sama skapi kveðið á um heimild slökkviliðsstjóra til að stöðva leyfða sinubrennu, eða að kveikt sé í bálkesti, og banna meðferð opins elds samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. 7. gr. Þannig telur slökkviliðið að bæta megi eftirfarandi málsgrein við 4. og 5. greinar:

„Slökkviliðsstjóra er heimilt að stöðva leyfða sinubrennu, eða að kveikt sé í bálkesti, og banna meðferð opins elds samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, sbr. 7. gr.“

Um 8. gr.

Svo sem fram kom í fyrsta kafla umsagnar þessarar telur slökkviliðið rétt að frumvarpið hafi að geyma ákvæði sem heimilar slökkviliðsstjóra gjalddöku fyrir þær umsagnir sem veittar eru vegna leyfisveitinga. Full ástæða hefur verið hingað til til að slökkvilið geti innheimt hóflegt gjald vegna veittra umsagna og þar sem frumvarp þetta felur í sér að enn fleiri verkefni eru fengin embætti slökkviliðsstjóra í hendur en hingað til hefur verið verður nauðsyn þessa enn brýnni en áður. Lagt er til að við 8. gr. bætist eftirfarandi texti:

„Slökkviliðsstjóra er heimilt að innheimta gjald fyrir skoðanir og umsagnir sem framkvæmdar eru samkvæmt ákvæðum þessara laga í samræmi við gjaldskrá embættisins.“

Til upplýsingar þá er gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. samþykkt af stjórn þess og aðildarsveitarfélögum og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Núverandi gjaldskrá tók gildi 27. mars 2014 og mælir fyrir um tímagjald fyrir vinnu starfsmanns að fjárhæð kr. 10.662. Almennt tekur vinna við veitta umsögn á bilinu 1-2 klst. eftir umfangi verkefnis, sem tekur mið af aðstæðum hverju sinni.

III. Rökstuðningur fyrir heimild til gjalddöku vegna umsagna.


Á síðastliðnum árum hefur starf og umsýsla slökkviliðsins varðandi útgáfu umsagna vegna leyfisveitinga opinberra aðila verið sífellt stærr og mannaflafrekari þáttur í starfi slökkviliðsins. Er nú svo komið að vinna við slíkar umsagnir krefst að jafnaði um tveggja stöðugilda á ársgrundvelli. Þar sem ekki er um að ræða hluta af kjarnastarfsemi slökkviliðs, þ.e. viðbúnað við eldsvoðum og eldvarnaeftirlit eins og það er skilgreint í lögum um brunavarnir nr. 75/2000, er ekki gert ráð fyrir kostnaði við slíka vinnu í tekjustofni slökkviliða. Þar sem leyfisveitingin sjálf fer iðulega fram hjá lögreglustjóra eða öðrum opinberum aðila á vegum ríkisins, eru leyfisgjöld innheimt hjá þeim aðila eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Ekki er gert ráð fyrir að nokkur hluti þess leyfisgjalds renni til slökkviliðs til að standa straum af þeim kostnaði sem af hlýst.

Ákvæði umrædds lagafrumvarps mæla fyrir um úttekt slökkviliðs í þágu leyfisumsóknar einkaaðila vegna starfsemi þeirra og/eða atvinnurekstrar. Er því um að ræða sértækan kostnað sem eðlilegt getur talist að þeir aðilar sem starfrækja tilgreinda starfsemi beri, í stað þess að kostnaður komi niður á slökkviliði eða sé greiddur af sveitarfélögum með auknum fjárframlögum, enda er um leyfisveitingu af hálfu ríkisins að ræða. Er það í samræmi við þá meginreglu sem víða er höfð í heiðri að sá skuli beri kostnað sem veldur.

Nauðsynlegt er að starfsemi slökkviliðs byggist á skýrum og ótvíræðum lagaákvæðum og að slökkvilið hafi óyggjandi heimildir til að innheimta kostnað sem til fellur í starfi þess umfram það sem ákvæði laga um brunavarnir kveða á um. Þetta er þarft til að viðhalda ímynd trausts og heiðarleika slökkviliðs með því að hægt verði að vísa til skýrra heimilda þegar til gjalddöku

kemur. Slökkviliðið leggur því til þær viðbætur sem fram koma í umfjöllun um 8. gr. frumvarpsins, sem finna má í ofangreindri umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Jón Viðar Matthíasson
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
og framkvæmdastjóri almannavarna á höfuðborgarsvæðinu